



Ársskýrsla 2024



Efnisyfirlit

Inngangur	2
Nemendur	2
Fjöldi nemenda.....	3
Skipting á námsbrautir	3
Búseta	5
Aldursdreifing.....	6
Grunnskólanemendur	7
Nám og námsframboð.....	7
Brotthvarf.....	8
Útskrifaðir nemendur	9
Starfsfólk	10
Fjármál og rekstur	11
Samstarf	12
Annað	12
Viðauki - Rekstraryfirlit.....	14

Inngangur

Í stefnuskjali skólans eru sett fram þau markmið og leiðir að þeim sem skólinn vill stefna að næstu misseri bæði hvað varðar kjarnastarfsemi og rekstrarþætti.

Í eftirfarandi umfjöllun má finna gögn sem eiga að geta veitt svar við hvernig það hefur gengið.

- *Markmið skólans er að bæta námsárangur og ástundun nemenda þannig að fleiri ljúki prófi á tilsettum tíma (A2).*
- *Efla stuðning og aðhald með nemendum til að draga úr brotthvarfi úr námi (A1).*
- *Nemendur af svæðinu hafi aðgang að fjölbreyttu bók- og starfsnámi sem uppfyllir kröfur næsta skólastiga og/eða atvinnulífs (A3).*
- *Auka stoðþjónustu og efla mannauð (A1).*
- *Hækka hlutfall nemenda sem ljúka starfs- og tækninámi og jafna kynjadreifingu.*
- *Aukinn stuðningur við nemendur af erlendum uppruna (A1).*

Nemendur

Nemendur á vorönn 2024 voru 899 í dagskóla. Nemendur í síðdegisnámi voru 94 og að auki tóku 123 grunnskólanemendur áfanga í vali, ýmist einn áfanga eða fleiri. Nemendur á vorönn eru venjulega færri en á haustönn. Nemendur voru 1015 í dagskóla á haustönn, nemendur í síðdegisnámi voru 142 og grunnskólanemar 124 eða samtals 1281 ef allt er talið. Á haustönn hófst nám í tölvuleikjagerð í dagskóla og dreifnám í einka- og styrktarþjálfun en skólinn yfirtók þetta nám frá Keili.

Nær allir nýnemar sem sóttu um skólavist fengu inni en fjöldi nýnema var svipaður og árið áður eða 296. Nýnemum hefur fjölgað mikið undanfarin ár en ástæðan er mismikill fjöldi í árgangi milli ára eins og sjá má í töflunni hér að neðan en þar má sjá að nemendum hefur farið fjölgandi sem útskrifast úr grunnskólunum á svæðinu undanfarin ár.

Hafa ber í huga að mikil fjölgun var á svæðinu umfram það sem spáð hafði verið fyrir tveimur árum en þá var gert ráð fyrir fækkun á næstu árum í hverjum árgangi. Fjölda í næstu árgöngum samkvæmt tölum frá grunnskólunum á svæðinu frá áramótum má sjá á meðfylgjandi töflu. Þetta eru örlítið fleiri nemendur en var síðast og ástæðan er fjölgun í þessum árgangi. Engir nemendur eru í Grunnskóla Grindavíkur núna en rétt er þó að hafa í huga að hluti þeirra nemenda sem voru í Grunnskóla Grindavíkur hafa flutt hingað á svæðið og koma því fram í þessum tölum. Annar óvissuþáttur er fjöldi nemenda af erlendum uppruna, þeim er bæði að fjölga og fækka. Það sem vekur jafnan athygli er kynjaskiptingin meðal nýnema en 55,5% voru drengir en stúlkurnar voru 44,5%. Þetta hlutfall hefur verið ójafnt síðustu ár og sveiflast aðeins milli ára.

Tafla 1 Fjöldi nemenda í grunnskólum á Suðurnesjum skólaárið 2024 – 2025 fyrir utan nemendur úr Grindavík.

1. bekkur 2017	2. bekkur 2017	3. bekkur 2016	4. bekkur 2015	5. bekkur 2014	6. bekkur 2013	7. bekkur 2012	8. bekkur 2011	9. bekkur 2010	10. bekkur 2009
461	355	321	343	344	326	363	398	376	408

Svona rétt til samanburðar þá er höfð með tafla sem sýnir fjöldatölurnar eins og þetta leit út í fyrra og þá var Grindavík með. Þetta sýnir þá fjölgun sem er að verða á svæðinu.

Tafla 1 Fjöldi nemenda í grunnskólum á Suðurnesjum skólaárið 2023 – 2024, Grindvíkingar meðtaldir

1. bekkur 2017	2. bekkur 2016	3. bekkur 2015	4. bekkur 2014	5. bekkur 2013	6. bekkur 2012	7. bekkur 2011	8. bekkur 2010	9. bekkur 2009	10. bekkur 2008
354	317	337	333	318	341	394	360	399	334

Fjöldi nemenda

Heildarfjöldi á hvorri önn má sjá á eftirfarandi töflu. Þarna kemur ljóslega fram munurinn á fjölda eftir önnnum. Ástæðan er meðal annars að hluti nemenda útskrifast um áramót og síðan er alltaf nokkur hópur nemenda sem byrjar að hausti en hættir námi og innritar sig ekki á vorönn.

Tafla 2 Fjöldi nemenda árið 2024

	Vor 2024	Haust 2024
Dagskólanemendur	899	1015
Síðdegisskólanemendur	94	142
Grunnskólanemendur	123	124
Alls	1113	1281

Nemendum í síðdegisnámi hefur fjölgað vegna þess að ekki er hægt að taka inn fleiri nemendur í verklegt nám í dagskóla vegna húsnæðis og því er verið að taka inn nema í síðdegisnám til að koma til móts við nemendur sem vilja koma í verknám en komast ekki í dagskólann.

Skipting á námsbrautir

Fjöldi umsókna frá nýnemum hefur aukist mikið undanfarin ár. Þær voru 296 en voru 307 árið áður. Ekki var hægt að verða við nokkrum umsóknum nýnema sem bárust of seint þar sem allt var orðið fullt í þeim deildum sem þeir voru að sækja um nám í.

Það er forvitnilegt að skoða skiptingu nýnema á námsbrautir. Drengir voru nokkuð fjölmennari en stúlkur eða 55,5% drengir á móti 44,5% stúlkur. Þessi munur hefur verið nokkur undanfarin ár, árið áður voru drengir 52% en stúlkur 48% og árið þar áður var munurinn enn meiri eða 59% á móti 41%. Aðsókn á einstaka brautir var ólík eftir kyni eins og jafnan áður. Fjölgun var á starfsbraut og námsbraut fyrir erlenda nemendur. Ásókn í verk- og starfsnám er svipuð og áður en þar er ekki hægt að taka inn fleiri vegna húsnæðis. Kynjaskiptingin er ójöfn eins og áður og það má sjá í töflunni hér að neðan en drengir eru helmingi fleiri á framhaldsskólabraut og eru því ekki að uppfylla inntökuskilyrði á aðrar brautir. Síðan er athyglisvert að mun fleiri drengir úr nýnemahópnum eru að sækja um í verknám. Skiptingu nýnema á brautir má sjá í töflunni hér að neðan. Til samanburðar er þar fyrir neðan tafla sem sýnir dreifingu allra nemenda skólans á brautir.

Tafla 3 Skipting nýnema í dagskóla á námsbrautir á haustönn 2024

Haust 2024	KK	KVK	Alls	KK %	KVK %	Alls
Stúdentsbrautir - bóknám	24	53	77	14,6%	32,3%	26,0%
Stúdentsbrautir - starfsnám	9	14	23	5,5%	8,5%	7,8%
Verk- og starfsnám	42	11	53	25,6%	6,7%	17,9%
Starfsbrautir	15	13	28	9,1%	7,9%	9,5%
Framhaldsskólabrautir	69	34	103	42,1%	20,7%	34,8%
Námsbraut fyrir erlenda nemendur	5	7	12	3,0%	4,3%	4,1%
Alls	164	132	296	55,5%	44,5%	100%

Tafla 4 Skipting nemenda í dagskóla, síðdegisnámi og dreifnámi á námsbrautir á haustönn 2024

Haust 2024	KK	KVK	Alls	KK %	KVK %	Alls
Stúdentsbrautir - bóknám	133	221	354	19,5%	32,5%	30,6%
Stúdentsbrautir - starfsnám	86	38	124	12,6%	5,6%	10,7%
Verk- og starfsnám	248	87	335	36,4%	12,8%	29,0%
Starfsbrautir	48	32	80	7,0%	4,7%	6,9%
Framhaldsskólabrautir	129	77	206	18,9%	11,3%	17,8%
Námsbraut fyrir erlenda nemendur	37	20	57	5,4%	2,9%	4,9%
Alls	681	457	1156	58,9%	41,1%	100%

Það sem vekur athygli í þessum tölum er kynjaskiptingin sem líkt og nefnd var áðan fyrir nýnemana endurspeglast að nokkru leiti fyrir heildina líka. Stúlkur sækja mun frekar í bóklegt stúdentsnám en drengir sækja mun meira í verknám. Einnig má sjá að hlutfall drengja er hærra á starfsbraut og á framhaldsskólabrautum en þangað fara þeir sem uppfylla ekki inntökuskilyrði á aðrar brautir. Strákar eru sömuleiðis fjölmennari á námsbraut fyrir erlenda nemendur.

Nemendum af erlendum uppruna hefur fjölgað mjög undanfarið ár en erfitt er að greina nákvæmlega hvaðan þeir koma þar sem ekki er nein slík merking í skólakerfinu. Á haustönn var haldið áfram með sér námsbraut fyrir nemendur sem eru að koma til landsins sem flóttamenn eða hælisleitendur. Þar var lögð áhersla á að kenna nemendum íslensku svo að það væru meiri líkur á því að þau gætu spjarað sig í framhaldinu og náð að aðlagast betur íslensku samfélagi. Nemendur skólans eru af fjölmörgum (a.m.k. 25) mismunandi þjóðernum og móðurmál þeirra ólík að sama skapi. Það er erfitt að henda reiður á því. Hér að neðan má sjá hvernig ásókn á einstaka brautir hefur verið undanfarin fimm ár. Þar má sjá að nemendum á framhaldsskólabrautum hefur fækkað en nemendum á verk- og starfsnámsbrautum hefur fjölgað, líklega vegna síðdegiskennslu í þeim greinum. Stúdentum af verk- og starfsnámsbrautum hefur einnig fjölgað.

Tafla 5 Hlutfall nemenda eftir námsbrautum 2018-2024

	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Stúdentsbrautir bóknám	33,8%	33,3%	34,5%	30,2%	31,6%	35,4%	30,6%
Stúdentsbrautir verk- og starfsnám	6,4%	7,1%	8,1%	10,6%	9,8%	12,0%	10,7%
Verk- og starfsnámsbrautir	15,7%	15,2%	18,0%	20,2%	21,0%	23,0%	28,9%
Starfsbrautir	5,4%	6,6%	5,7%	6,6%	6,6%	8,3%	7,0%
Framhaldsskóla- brautir	24,0%	27,5%	24,0%	21,9%	18,6%	18,1%	17,9%
Námsbraut fyrir erlenda nemendur	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	2,8%	3,3%	4,9%
Grunnskóli	14,7%	10,3%	9,7%	10,6%	9,6%	12,5%	9,7%

Búseta

Allflestir nemendur koma af Suðurnesjum. Undanfarin ár hafa þeir verið um 95% en nemendum sem eru búsettir utan Suðurnesja hefur fjölgað verulega. Þar má gera ráð fyrir að brottflutningar úr Grindavík vegna eldsumbrota ráði mestu. Nemendum með lögheimili í Grindavík fækkaði úr 11% í tæp 3% milli ára. Gera má ráð fyrir að brottfluttir Grindvíkingar sem enn stunda nám í skólanum séu með lögheimili í sveitarfélögum á svæðinu eða utan Suðurnesja. Á haustönn hófst einnig dreifnám í einka- og styrktarþjálfun en þar eru flestir nemendur búsettir utan Suðurnesja. Nokkur hópur nemenda er skráður án búsetu en þar er um að ræða hælisleitendur sem ekki voru komnir með fast heimilisfang. Flestir nemendur koma úr Reykjanesbæ eða tæp 70%. Á meðfylgjandi töflu má sjá hvaðan nemendur skólans koma og hver kynjadreifingin er en enginn munur er á dreifingu eftir kyni. Hér verður að hafa í huga að sú breyting sem hefur orðið á fjölda nemenda eftir sveitarfélögum getur stafað af þeirri fjölgun sem orðið hefur á svæðinu en hún hefur ekki verið sú sama í öllum sveitarfélögunum.

Tafla 6 Búseta nemenda í dagskóla, síðdegisnámi og dreifnámi við upphaf vorannar 2024

Staður	KK	KVK	Alls	KK %	KVK %	Alls %
Reykjanesbær	373	263	634	37,4%	26,5%	63,8%
Suðurnesjabær	87	62	149	8,8%	6,2%	15,0%
Vogar	33	23	56	3,3%	2,3%	5,6%
Grindavík	21	15	36	2,1%	1,5%	3,6%
Utan Suðurnesja	50	30	80	5,0%	3,0%	8,1%
Án búsetu	22	16	38	2,2%	1,6%	3,8%
Alls	584	409	993	58,8%	41,2%	100%

Tafla 6 Búseta nemenda í dagskóla, síðdegisnámi og dreifnámi við upphaf haustannar 2024

Staður	KK	KVK	Alls	KK %	KVK %	Alls %
Reykjanesbær	461	317	778	40,0%	27,4%	67,4%
Suðurnesjabær	105	78	183	9,0%	6,8%	15,8%
Vogar	35	24	59	3,0%	2,1%	5,1%
Grindavík	20	12	32	1,7%	1,0%	2,7%
Utan Suðurnesja	45	35	80	3,9%	3,0%	6,9%
Án búsetu	15	9	24	1,3%	0,8%	2,1%
Alls	681	475	1156	58,9%	41,1%	100%

Aldursdreifing

Flestir nemendur útskrifast eftir þriggja ára nám og því dreifist meirihluti nemenda eðlilega á þrjá yngstu aldursflokkana. Þó nokkur hluti nemenda er þó eldri en eitthvað er um nemendur sem gera hlé á námi. Einnig er líka mikil breidd í nemendahópnum sem veldur því að ekki eru allir að ljúka námi á sama tíma. Þar má nefna verk- og starfsnám og starfsbraut og þá sem ekki ráða við að ljúka stúdentsnámi á þremur árum. Eldri nemendum hefur fjölgað þó nokkuð enda hefur nemendum í síðdegisnámi fjölgað. Þeir eru margir eldri og hluti þeirra er að taka námið samhliða vinnu og það skýrir fjölgun í þeim aldurshópi milli anna.

Tafla 8 Fæðingarár nemenda í dagskóla, síðdegisnámi og dreifnámi við upphaf vorannar 2024

Fæðingarár	KK	KVK	Alls	KK %	KVK %	Alls %
2008	1	0	1	0,1%	0%	0,1%
2007	155	148	303	15,6%	14,9%	30,5%
2006	131	90	221	13,2%	9,1%	22,3%
2005	110	84	194	11,1%	8,5%	19,5%
2004	53	25	78	5,3%	2,5%	7,9%
2003 og fyrr	115	48	163	11,6%	4,8%	16,4%
Án kennitölu	19	14	33	1,9%	1,4%	3,3%
Alls	584	409	993	58,8%	41,2%	100%

Tafla 8 Fæðingarár nemenda í dagskóla, síðdegisnámi og dreifnámi við upphaf haustannar 2024

Fæðingarár	KK	KVK	Alls	KK %	KVK %	Alls %
2009	1	0	1	0,1%	0%	0,1%
2008	160	131	291	13,9%	11,4%	25,3%
2007	158	139	297	13,7%	12,0%	25,7%
2006	116	80	196	10,0%	6,9%	16,9%
2005	79	41	120	6,8%	3,5%	10,3%
2004 og fyrr	152	75	227	13,1%	6,5%	19,6%
Án kennitölu	15	9	24	1,3%	0,8%	2,1%
Alls	681	475	1156	58,9%	41,1%	100%

Grunnskólanemendur

Fleiri grunnskólanemendur eru að sækja nám í skólanum en áður og kynjaskiptingin er mjög ójöfn eins og áður. Ástæðan fyrir þeirri fjölgun gæti verið ástand skólahúsnaðis grunnskólanna í Reykjanesbæ en verið er að taka tvo þeirra í gegn vegna myglu. Hlutfall stúlkna er mun hærra eða tæplega 57% en drengirnir eru rúmlega 43%. Þetta tengist m.a. því markmiði skólans að nemendur af svæðinu hafi aðgang að fjölbreyttu námi, bæði bóklegu og verklegu. Einnig því undirmarkmiði að efla kynningu á verknámi fyrir grunnskólanemendum (A3.1 og A3.3).

Taflan hér að neðan sýnir dreifingu grunnskólanemenda á einstaka áfanga á haustönn 2024 eftir kyni. Þar sést að stúlkur sækja í bóklega áfanga (ensku og stærðfræði) og textíl og hár umfram drengina en þeir sækja meira í verklega áfanga. Því má segja að valið sé mjög kynbundið.

Tafla 8 Fjöldi grunnskólanemenda sem taka valáfanga í skólanum haust 2024

Haust 2024	KK	KVK	Alls	KK %	KVK %	Alls %
ENSK2KO05	9	17	26	7,4%	13,9%	21,3%
HÚSA1KY05	5	2	7	4,1%	1,6%	5,7%
MALM1MA05	9	0	9	7,4%	0%	7,4%
RAFG1KY05	9	3	12	7,4%	2,5%	9,8%
STÆR2AH05	17	33	50	13,9%	27,0%	41,0%
TXHÁ1FH05	18	0	18	14,8%	0%	14,8%
Alls	67	55	122	54,9%	45,1	100%

Nám og námsframboð

Námsframboð skólans er mjög fjölbreytt og má sjá það á vef skólans <https://www.fss.is/is/namid/namsbrautir/namsbrautir>. Alls er hægt að stunda nám á tuttugu og átta virkum námsbrautum en það er alltaf í endurskoðun.

Skólinn leggur metnað sinn í að þjóna öllum nemendum af svæðinu og bjóða upp á fjölbreytt nám þannig að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi (A3).

Búið er að setja upp tíu stúdentsbrautir í námskrárgrunninum og þær hafa hlotið samþykki ráðuneytisins. Starfs- og verknámsbrautir eru níu talsins. Það eru tvær starfsbrautir við skólann.

Framhaldsskólabrautirnar eru 8. Markmiðið með framhaldsskólabrautunum er að búa til farveg fyrir þá nemendur sem eru óráðnir eða ráða ekki við hefðbundið bóknám en stefna í ákveðin störf á almennum vinnumarkaði.

Skólinn var með samning við fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar varðandi þjónustu sálfræðinga. Vegna mikilla anna hjá sálfræðingum skrifstofunnar var ekki hægt að endurnýja hann. Við upphaf vorannar 2024 var félagsráðgjafi ráðinn til skólans í 50% starf. Þetta verkefni hefur gengið vel og er vissulega þörf fyrir það (A1). Starfshlutfall hans hefur verið aukið vegna aukinna verkefna og er viðkomandi nú í 80% starfshlutfalli.

Áfram hefur verið unnið að því að útfæra og prófa verkefni sem nýst gætu við starfsþróun kennara. Þar er miðað við að verkefnin geti verið fyrirmynd að stuðningi við kennara og við innleiðingu á lærdómssamfélagi í skólastarfi og menntun án aðgreiningar. Áfram er unnið með framtíðarsýn skólans en hún er liður í starfsþróun kennara og markmiðið að það nýtist til að efla lærdómssamfélagið við skólann.

Matsnefnd skólans sér um innri úttektir á skólastarfinu og áætlun hennar má sjá á heimasíðunni <https://www.fss.is/index.php/skolinn/um-skolann/mat-a-skolastarfi>. Niðurstöður matsins og úrbótaáætlun má sjá í sjálfsmatsskýrslu sem má nálgast á heimasíðunni og einnig er hún birt í skólaskýrslunni <https://www.fss.is/index.php/skolinn/um-skolann/skyrslur-og-samningar>. Í skólaskýrslunni má einnig lesa um annað sem unnið var að á liðnu ári.

Ytri úttekt var gerð á starfsemi skólans á haustönn 2022 á vegum mennta- og barnamálaráðuneytis og má sjá skýrslu um matið á vef skólans. <https://www.fss.is/is/skolinn-starfid/syn-stefnur-og-aaetlanir/skyrslur/adrar-skyrslur-og-samningar>

Brotthvarf

Eitt af markmiðum í stefnuskjali skólans er að efla stuðning og aðhald með nemendum til að draga úr brotthvarfi úr námi (A1). Erfitt er að segja nákvæmlega til um brotthvarfið á liðnu ári. Nemendur af erlendum uppruna eru margir og þeir ekki allir komnir með kennitölu. Þeirra mál bíða afgreiðslu hjá Útlendingastofnun og auk þess er búseta þeirra ekki alveg á hreinu. Þeir eru því oft að fá brottvísun úr landi eða flutning í annað búsetuúrræði.

Miðað við gögn frá MRN þá hefur dregið úr brotthvarfi nýnema og er það 6,6%, tilfærsla er 8,6% en leiðrétt brotthvarf er metið 3,9%. Til frekari glöggvunar má benda á skýrslu um árlegt brotthvarf frá ráðuneytinu. Þetta er stöðugt viðfangsefni hjá okkur og við erum sífellt að leita leiða til að draga úr þessu.

Við höfum aukið og eftt umsjónarkerfið og nú eru allir nýnemar í umsjón tvisvar í viku fyrsta skólaárið. Að sama skapi þá höfum við aukið aðra þjónustu við nemendur til að reyna að grípa fyrir inn í ef við sjáum fram á að nám þeirra stefnir í óefni. Skoða má töfluna hér að neðan til að fá mynd af stöðunni.

Athygli vekur að brotthvarfið meðal kennitölulausra nemenda er hlutfallslega hátt og hlutfallslega er brotthvarf drengja mun meira en brotthvarf stúlkna. Forvitnilegt er einnig að rýna í brotthvarfið eftir árgöngum og velta fyrir sér af hverju mismunurinn stafar

Töflurnar hér að neðan sýna aldur (fæðingarár) þeirra nemenda sem hættu í námi, skipt eftir kynjum. Þarna má sjá að flestir þeirra sem hætta eru í aldurshópunum 17-18 ára og svo þeir sem eru eldri en 20 ára á vorönninni. Það er forvitnilegt að spá í ástæður brotthvarfs eftir öðrum og ástæður geta verið margar. Álíka fjöldi stelpna og stráka hættir eftir fyrsta árið þó strákar séu alltaf í meirihluta og brotthvarfið á haustönninni er mest miðað við þann aldurshóp. Ekki er gott að segja til um ástæður þess af hverju þau eru bara að halda út í eitt skólaár. Hvað veldur því að þau hverfa frá námi og hvað fara þau að gera væri þarft að kanna og eins að kanna ástæður þeirra, hvort þau fara að vinna en þau geta þá komið aftur í nám þegar þau hafa tekið út meiri þroska og gert upp við sig hvað þau vilja læra.

Tafla 9 Brotthvarf á vorönn 2024

Fæðingarár	KK	KVK	Alls	KK %	KVK %	Alls %
2002 og fyrr	3	4	7	6,4%	8,5%	14,9%
2003	3	3	6	6,4%	6,4%	12,8%
2004	2	1	3	4,3%	2,1%	6,4%
2005	7	3	10	14,9%	6,4%	21,3%
2006	5	3	8	10,6%	6,4%	17,0%
2007	6	4	10	12,8%	8,5%	21,3%
Án kennitölu	2	1	3	4,3%	2,1%	6,4%
Alls	28	19	47	59,6%	40,4%	100%

Tafla 4 Brotthvarf á haustönn 2024

Fæðingarár	KK	KVK	Alls	KK %	KVK %	Alls %
2003 og fyrr	5	3	8	12,2%	7,3%	19,5%
2004	2	1	3	4,9%	2,4%	7,3%
2005	4	0	4	9,8%	0%	9,8%
2006	4	2	6	9,8%	4,9%	14,6%
2007	8	0	8	19,5%	0%	19,5%
2008	3	4	7	7,3%	9,8%	17,1%
Án kennitölu	4	1	5	9,8%	2,4%	12,2%
Alls	30	11	41	73,2	26,8%	100%

Lykilatriðið varðandi brotthvarf virðist felast í jákvæðum og góðum samskiptum nemenda og kennara. Stjórnendur skólans eru staðráðnir í að halda áfram að leita leiða til að draga úr þessu brotthvarfi og auka um leið fjölda útskrifaðra. Árangurinn næst ekki í einu vettvangi en áfram verður haldið að vinna að því að draga úr brotthvarfi.

Útskrifaðir nemendur

Alls voru 169 nemendur útskrifaðir frá skólanum árið 2023, 88 karlar og 81 kona. Auk þess voru nemendur á almennri braut og framhaldsskólabraut útskrifaðir óformlega við lok hvorrar annar og fjöldi þeirra ekki tekinn með hér. Markmiðið hefur verið að fjölga þeim nemendum sem ljúka prófi á tilskildum tíma (A2). Fjöldi útskrifaðra þetta ár var svipaður og á síðasta ári. Skipting útskrifaðra á annir var eins og taflan sýnir. Hafa ber í huga að einhverjir útskrifuðust af fleiri en einni braut en eru bara taldir á þeirri braut sem var lengri. Fjöldi karla og kvenna sem útskrifast er svipaður en karlar þó ívið fleiri. Hlutfall útskrifaðra eftir kyni helst í hendur við fjölda nemenda á brautunum.

Tafla 11 Útskrifaðir nemendur árið 2024

	Vor 2024			Haust 2024			Alls 2024			Fjöldi sem lauk prófi 2024		
Útskrifaðir alls 2024	KK	KVK	Alls	KK	KVK	Alls	KK	KVK	Alls	KK %	KVK %	Alls %
Stúdentsbrautir bóknám	14	43	57	13	18	31	27	61	88	30,7%	69,3%	52,1%
Stúdentsbrautir starfsnám	21	6	27	9	3	12	30	9	39	34,1%	10,2%	23,1%
Starfs- og verknámsbrautir	19	6	25	5	1	6	24	7	31	27,3%	8,0%	18,3%
Starfsbrautir	5	4	9	0	0	0	5	4	9	5,7%	4,5%	5,3%
Framhaldsskólabrautir	2	0	2	0	0	0	2	0	2	2,3%	0%	1,2%
Alls	61	59	120	27	22	49	88	81	169	52,1%	47,9%	100%

Meirihluti stúlkna sem eru að útskrifast ljúka stúdentsprófi eða um 80%. Hlutfall drengja sem ljúka stúdentsprófi er 64,8% en þetta er í takt við kynjahlutfall á viðkomandi námsbrautum. Fróðlegt er að skoða og sjá að hlutfall stúlkna er mun hærra en hlutfall drengja á bóklegum stúdentsbrautum en síðan snýst þetta við þegar horft er á stúdentsnám á starfsnámsbrautum. Rúm 73% útskrifaðra eru að ljúka stúdentsprófi. Mun fleiri drengir eru að ljúka prófi á starfs- og verknámsbrautum en stúlkur, rúm 27% drengja á mótí rúmlega 8% stúlkna. Fleiri drengir eru að ljúka námi af starfsbrautum en það er í hlutfalli við fjölda drengja á þeim brautum. Útskriftarhópurinn er því nokkuð kynjaskiptur hvað brautir varðar. Rétt er að hafa í huga að fjölmargir útskrifast af framhaldsskólabrautum en eru ekki inni í þessum tölum.

Starfsfólk

Fjöldi starfsfólks var 98 á vorönn; 70 kennarar, stjórnendur og ráðgjafar en þar af var einn í orlofi, 6 stundakennarar og 22 aðrir starfsmenn. Á haustönn var fjöldi starfsfólks 109; 79 kennarar, stjórnendur og ráðgjafar, stundakennarar voru 8 en aðrir starfsmenn voru 22 og einn til viðbótar í sérstörfum. Ræsting er samkvæmt útboði.

Kynjahlutfallið var mjög svipað innan kennarahópsins. Hlutfall kvenna meðal annars starfsfólks er eins og áður hærra en karlar voru fleiri í hópi stundakennara.

Skipurit er á vef skólans og þar má fá innsýn í stjórnkerfi hans. <https://www.fss.is/index.php/skolinn/um-skolann/skipurit>.

Eftirfarandi tafla gefur smá sýn á nokkra þætti mannauðs miðað við haustönn 2024.

Tafla 5 Upplýsingar um starfsfólk haustönn 2024

Meðalaldur kennara	51 ár
Meðalaldur allra starfsmanna	49,67 ár
Meðalstarfsaldur í kennslu í FS	9,4 ár
Meðalstarfsaldur í kennslu í heild	14,98 ár
Viðbótarorlof samtals	1999,2
Aldursafsláttur samtals	2502
Heildarkennslumagn á önn	55208 (80512)
Heildarkennslumagn á viku	3067 (4473)
Skerðing vegna endurtekningar áfanga	734,3
Aukaverkefni skv. C-hluta	5962

Starfsmannavelta er lítil í skólanum og meðalaldur kennara og annarra starfsmanna hefur ekki breyst mikið. Alltaf er einhver endurnýjun á starfsfólki og kemur það fram í meðalstarfsaldri kennara í FS sem hefur lækkað aðeins þó meðalstarfsaldur kennara í heild hafi ekki breyst mikið. Einnig kemur fram að aldursafslátturinn er hærri en verið hefur. Það bendir til þess að við séum að fá til okkar kennara sem hafa ákveðna kennslureynslu annarsstaðar frá og eru eldri og því komnir á afslátt. Heildarkennslumagnið á haustönninni er hærra en það var síðastliðið haust og er það vegna þess að nemendum fjölgaði og við vorum að taka inn brautir frá Keili. Fyrri talan í dálkinum er fyrir A hluta en sú í sviganum er samanlagður heildartími í vinnumati.

Verkefni í C hluta hafa aukist en sú aukning er ekki alveg að marka þar sem hluti af þessari tölu er vegna kennslu við leikjatölvugerðina sem er í sér undirskóla en er flutt og sett inn í C hlutann í vinnumati. Á móti kemur að farið var í aðgerðir til að draga úr brotthvarfi og umsjónarkerfið stóreflt sem hafði í för með sér aukningu á aukaverkefnum í C hluta vinnumatsins að einhverju leiti. Ákveðin skipulagsbreyting var gerð þar sem áfangastjórum var fækkað um einn en við það voru sum verkefni sem þeir höfðu sinnt flutt yfir á námstjórana og námsráðgjafana með samsvarandi fjölgun tíma hjá þeim. Einnig var fjölgað tímum hjá brautarstjórum starfsbrautar vegna fjölgunar nemenda þar. Ennfremur hefur orðið aukning á ýmsum sérverkefnum eins og á erlendum samskiptum, Erasmus+ verkefni.

Fjármál og rekstur

Það er stefna skólans að halda sér innan ramma fjárlaga og það hefur gengið eftir til þessa. Niðurskurður og aðhald undangenginna ára hefur bitnað á búnaðarkaupum og endurnýjun búnaðar stundum setið á hakanum. Afgangur af fjárveitingum hefur verið nýttur í endurnýjun búnaðar og kennslutækja. Húsnæðismálin eru farin að valda verulegum erfiðleikum. Tveir kennslugámar voru keyptir og settir upp til að mæta fjölgun nemenda og ein kennslustofa var tekin undir FAB LAB smíðju Suðurnesja. Aðstaða var útbúin til kennslu í pípulögnum í „fjósinu“. Sumarhúsið sem byggt var árið áður var sett uppá kantinn hjá gámunum og þar var útbúin aðstaða til kennslu. Þangað fór annar bekkurinn í tölvuleikjagerðinni sem kom frá Keili. Geymsluaðstaða á þriðju hæð skólans var tekin og þar útbúin kennslustofa sem hinn

bekkur í tölvuleikjagerðinni fékk til afnota. Helmingur af lessalnum á bókasafninu var tekinn og því breytt í litla kennslustofu sem hugsuð var fyrir starfsbrautina en nemendum þar hefur fjölgað mikið.

Plássleysi er því farið að hamla mjög starfsemi skólans og búið er að breyta öllum rýmum sem mögulega er hægt að breyta í kennsluaðstöðu svo lengra er ekki hægt að ganga í þeim efnum. Vonandi stendur þetta til bóta því úrlausn þessara mála þolir enga bið.

Um leið og afgangur síðasta árs fékkst yfirfærður var farið í að uppfæra búnað sem lengi hafði verið beðið með að kaupa og var það mjög kærkomið.

Varðandi reksturinn er mikilvægt að vita á hverjum tímapunkti úr hve miklu er að spila og því mætti færa afgang fyrra árs mun fyrr yfir.

Rekstraryfirlit er í viðauka aftast.

Samstarf

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur í gegnum tíðina átt gott samstarf við Fjölbrautaskóla Suðurlands og Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi og er þetta samstarf fjölbreytt og snertir alla þætti skólastarfsins. Stjórnendur þessara skóla funda reglulega. Einnig er samstarf starfsnámsskóla á landinu gott og stjórnendur þeirra funda hálfs mánaðarlega, oftast á Teams, þar sem farið er yfir þau mál sem snerta iðn- og verknám sérstaklega.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja á gott samstarf við grunnskólana á svæðinu og funduðu stjórnendur skólans með stjórnendum grunnskólanna þar sem farið var yfir niðurstöðu fyrstu prófa í ensku, dönsku, íslensku og stærðfræði, skipt eftir skólum, eins og áður hefur verið gert. Faggreinakennarar FS hittu kennara úr grunnskólunum sem kenna sömu greinar og báru saman bækur sínar. Rætt hefur verið við grunnskólana um frekara samstarf sem miðar að því að auka fljótandi skil milli þessara tveggja skólastiga.

Samstarf hefur einnig verið við Fjölsmiðjuna á Suðurnesjum um að taka nemendur frá þeim í einn til tvo áfanga á önn, eftir því sem hægt er og hefur það gefist vel.

Annað

Það er margt sem gerist á heilu skólaári. Ekki er ástæða til að rekja það allt hér en þar er bent á skólaskýrslu sem er gefin út í lok hvers skólaárs og er aðgengileg á heimasíðunni, <https://www.fss.is/index.php/skolinn/um-skolann/skyrslur-og-samningar>.

Kynningarfundur fyrir nemendur 10. bekkja og forráðamenn þeirra var haldinn á vorönninni eins og undanfarin ári. Skólinn var þá opinn frá kl. 17:00 til 18:00 og var aðsókn góð. Kennarar, stjórnendur og námsráðgjafar kynntu skólann og námsframboð og svöruðu spurningum gesta. Nemendafélagið kynnti sína starfsemi og þá gafst gestum tækifæri til að ganga um skólann og skoða aðstöðuna enda mikilvægt að íbúar svæðisins þekki skólann, námsframboðið og aðstöðuna sem í boði er. Kynningarfundur með foreldrum eða forráðamönnum nýnema var haldinn í upphafi haustannar og þar kynnti foreldrafélag skólans starfsemi sína.

Boðið hefur verið upp á síðdegisnám í nokkrum greinum starfs- og verknáms auk meistaraskóla. Í gangi eru hópar í húsasmíði, rafiðngreinum, sjúkaraliðanámi og pípulögnum og fyrsti hópurinn í því námi útskrifaðist nú á vorönn 2025. Nýr hópur fer því væntanlega af stað á haustönn 2025. Mikil aðsókn hefur

verið að síðdegisnáminu og þá frá eldri nemendum sem þá eru að taka þetta samhliða vinnu til að afla sér réttinda. Vegna skorts á að stöðu þá er bara hægt að vera með einn hóp í hverju fagi í einu og þeir verða að ljúka náminu áður en hægt er að taka inn nýjan hóp.

FAB Lab smiðja Suðurnesja tók til starfa um áramótin og hefur gengið vel. Smiðjan er öllum opin.

Um miðbik vorannar leit út fyrir að skólinn yrði rekinn með miklum halla og var það tilkynnt ráðuneytinu. Því var farið að huga að niðurskurði og sparnaði fyrir haustönnina. Það gekk upp og með uppbótum sem komu í lok árs gekk að klára árið án halla eins og sjá má á rekstraryfirlitinu hér að neðan.

Askur GL fjárhagsskýrsla nánar tiltekið Ask skýrslan 503 í Rekstraryfirliti

Rekstraryfirlit v/ársskýrslu FS	2024	2023	2022	2021	2020
Heiti	Rauntölur	Rauntölur	Rauntölur	Rauntölur	Rauntölur
Dagvinna	830.585.565	777.879.073	717.547.843	691.774.333	665.684.116
Aukagreiðslur	38.032.842	7.011.711	5.758.507	5.458.634	-104.588
Yfirvinna	338.874.044	314.464.620	288.244.979	277.469.025	281.893.575
Launatengd gjöld	275.011.436	251.309.596	231.168.561	219.420.919	215.287.605
Orlofsskuldbinding	7.953.242	-4.174.823	13.507.024	-13.178	13.086.049
	1.490.457.129	1.346.490.177	1.256.226.914	1.194.109.733	1.175.846.757
Fundir, námskeið og risna	4.081.010	8.592.352	8.522.462	9.773.490	7.689.285
Ferða og dvalarkostnaður innanlands	151.810	317.735	136.840	0	0
Ferða og dvalarkostnaður erlendis	5.982.852	7.068.390	4.411.112	604.642	706.217
Akstur	4.579.541	4.290.734	2.894.797	1.977.514	2.082.363
	14.795.213	20.269.211	15.965.211	12.355.646	10.477.865
Tímarit, blöð og bækur	523.612	766.124	669.762	937.665	822.017
Skrifstofuvörur og áhöld	10.325.851	7.355.766	7.490.659	6.373.598	7.365.998
Aðrar vörur	79.458.182	65.701.498	52.930.855	45.823.740	29.558.783
	90.307.645	73.823.388	61.091.276	53.135.003	37.746.798
Önnur sérfræðipjónusta	19.044.398	26.173.276	34.646.796	32.638.139	20.950.981
Tölvu- og kerfisfræðipjónusta	6.918.356	6.394.892	5.925.449	6.271.827	5.079.291
Prentun,póstur, augl., flutningar	2.963.857	3.624.904	2.414.338	3.137.367	2.886.475
Sími og ýmis leigugjöld	7.797.993	8.746.460	4.047.572	3.543.041	3.402.906
	36.724.604	44.939.532	47.034.155	45.590.374	32.319.653
Verkkaup og byggingavörur	10.861.742	11.033.693	239.349	4.995.426	4.060.915
Rafmagn og heitt vatn	21.485.571	17.770.325	16.248.297	15.735.441	15.043.094
Húsaleiga og aðk. ræsting	333.667.956	305.276.974	280.830.265	261.875.190	249.936.927
	366.015.269	334.080.992	297.317.911	282.606.057	269.040.936
Brennslufni og olíur	119.879	69.044	154.807	29.410	78.350
Verkstæði og varahlutir	245.310	142.980	113.418	76.304	622.514
	365.189	212.024	268.225	105.714	700.864
Vextir, bætur, skattar	1.404.861	179.685	162.564	1.205.198	145.249
Afskriftir eigna	25.200.240	22.380.473	20.652.121	20.357.444	18.221.264
Tilfærslur	6.178.617	350.721	696.992	682.721	364.895
	32.783.718	22.910.879	21.511.677	22.245.363	18.731.408
Samtals gjöld	2.031.448.767	1.842.726.203	1.699.415.369	1.610.147.890	1.544.864.281
Sértekjur	-129.257.037	-128.779.896	-120.676.936	-78.201.830	-77.893.237
	-129.257.037	-128.779.896	-120.676.936	-78.201.830	-77.893.237
Aðrar rekstrartekjur	-20.211.000	-14.606.000	-11.976.000	-12.294.000	-12.102.000
	-20.211.000	-14.606.000	-11.976.000	-12.294.000	-12.102.000
Framlag ríkissjóðs (12 mánuðir)	-1.804.514.740	-1.689.736.264	-1.634.703.003	-1.488.149.302	-1.478.713.979
Framlag til afskrifta	-25.200.240	-22.380.473	-20.652.121	-20.357.444	-18.221.264
	-1.829.714.980	-1.712.116.737	-1.655.355.124	-1.508.506.746	-1.496.935.243
Samtals tekjur	-1.979.183.017	-1.855.502.633	-1.788.008.060	-1.599.002.576	-1.586.930.480
Gjöld ekki tiltekin		0	0	0	0